

Fundargerð

1. fundur í fræðslu- og menningarráði, 18. ágúst 2006.
Fundur settur kl. 17:00.

Mætt voru: Arnar Einarsson, Jóhannes S. Jónsson, Drífa Aradóttir, Helg V Tryggvason, Steinunn Guðnadóttir, Óskar Haukur, Rósa Magnúsdóttir, María Guðmundsdóttir og Hilma Steinarsdóttir.

Dagskrá.

1. Mál. Ritari.

Guðni Hauksson kosinn fastur ritari nefndarinnar en María kosin ritari þennan fund v. fjarveru Guðna.

2. Mál. Skýrsla skólastjóranna.

Arnar kynnti starf Grunnskólans á Þórshöfn. Skólasetning er 21. ágúst kl. 17:15. Kennarar Grunnskólans á Þórshöfn mæta ekki á Haustþing kennara á Hafralæk. Mótmæla staðsetningu. Skóli hefst samkvæmt stundatöflu 23. ágúst. 06. Sérkennsluþörfin í Grunnskólanum á Þórshöfn eru 33 tímar en úthlutunin er 16 tímar. Skólanefnd skoðar. Anar dreifði bréfum um Olwens áætlun og kynnti stundatöflur kennara og nemenda.

Við Grunnskólann á Þórshöfn eru 12 kennarar og skólastjóri af því eru 5 réttindakennarar, 2 í kennaranámi, 1 er leikskólakennari, 1 er í sagnfræði og 1 með háskólapróf í ? .

María kynnti skólastarfið í Grunnskólanum á Bakkafirði. dreifði stundatöflum kennara og nemenda. Þar eru 3 kennarar og 12 nemendur.

3. Mál. Skýrsla leikskólastjóranna.

Steinunn kynnti leikskólann á Þórshöfn.

Enginn menntaður leikskólakennari nema leikskólastjórinn. Rætt um brýna þörf fyrir að auglýsa störf leikskólakennara reglulega. Skólanámskráin er ekki tilbúin. Þrettán börn eru í elstu deild leikskólans í vetur. Tvö þurfa mikla sérkennslu, 2 þurfa nýbúafræðslu, fjögur sem þurfa talstuðning. Búið að ráða Söndru Valsd. sem leiðbeinanda í sérkennslustuðning í 50% starf. Hljóm 2 námskeið í nóvember. Leikskólastjóri ætlar að kynna sér lífsleikni. Búið er að opna bókasafn í leikskólanum. Aukin áhersla á tónlist. Steinunn hefur kennt tónlist við aðra leikskóla. Útívera í molum

Rósa kynnti leikskólann á Bakkafirði.

Mikill samgangur á milli leikskóla og grunnskóla. Ræddi um þörfina fyrir ný leiktæki fyrir útivist. Rósa ræddi við Björn sveitarstjóra um nýja rennibraut hún kostar um 500.000,- Rósa ræddi við Björn í lok ágúst. Jonni ætlar að kanna verð á leikskólataekjum.

4. Mál. Stefnumótun skólanna.

Jóhannes dreifði greinum um grunnskólann á Hrafnagili.

Ræddi um að vilja gera skólann betri. Vill búa til teymi sem kemur að stefnumótun skólanna.

Kemur í heimsókn og metur kosti og galla. Einstaklingar sem yrðu sendir í Hrafnagil og fleiri skóla til að kynna sér aðra kosti. Telur mikinn ávinning af svona gæðaeftirliti.

Mikilvætt er hverju sveitarfélagi að hafa góðann skóla.

Vill fá foreldra til að taka þátt.

Ná fram virðingu foreldra fyrir skólanum.

Hafa opna daga í skólanum fyrir foreldra.

Rætt um Svalbarðsskóla, þar eru foreldrar mjög virkir í skólstarfinu, sjá til dæmis um skemmtiatriði á þorrablótum nemenda.

5. Mál. Þátttaka foreldra í skólalífinu.

Ákveðið að senda bréf til foreldra um virka þátttöku þeirra í skólalífinu. Einnig að hvetja foreldra til að ræða bæði jákvæða og neikvæða þætti. . Jóhannes semur drög að bréfi til foreldra. Við förum svo yfir það.

6. Mál. Framhaldsdeild.

Viljum þrýsta á að sett verði í gang framhaldsdeild á Þórshöfn fyrir unglunga jafnt sem fullorðna. Beint til hreppsnefndar.

7. Mál. Önnur mál.

Rætt um að gera könnun á þörf fyrir skóladagheimili. Það mundi opna kl. 13:30 þar yrði boðið upp á heimanám.

Opin vika verður í Gunnskólanum á Þórshöfn. Auka fjarmagn til þess. Matarvika og t.d. listavika. arnar telur skólann þurfa 250,000,- í þetta. nefndin ákvað einróma að mæla með því að skólinn fái 250.000,- í þetta verkefni.

Danskennsla og tónmennt er skylda samkv. aðalnámskrá.

Rósa leggur til að elsta deildin fái 4 tíma gjaldfrjálst í leikskóla. Skiptar skoðanir um það.

Ákveðið að hafa fastan fundartíma fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 19:30.

Hilma Steinarsdóttir, ritari.